

## G J A L D S K R Á

### fyrir mengunareftirlit í Kópavogskaupstað.

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Kópavogs er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari af fyrirtækjum í Kópavogskaupstað sem háð eru starfsleyfi og/eða eftirliti heilbrigðisnefndar, samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

#### 2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í fimm flokka í samræmi við viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992 með tilliti til mengunarhættu og fyrirkomulags eftirlits. Heilbrigðisnefnd er heimilt að flytja einstök fyrirtæki milli flokka, ef umfang eftirlitsins breytist.

#### 3. gr.

Fyrirtæki, sem upp eru talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992, skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins eins og hún er hverju sinni.

#### 4. gr.

Eftirlitsskyld fyrirtæki sem upp eru talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992, sbr. flokkun í viðauka 9, skulu árlega greiða eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrirtæki	Eftirlitsgjald
1. flokkur . . . . .	kr. 80 000
2. flokkur . . . . .	kr. 50 000
3. flokkur . . . . .	kr. 30 000
4. flokkur . . . . .	kr. 20 000
5. flokkur . . . . .	kr. 10 000

#### 5. gr.

Fyrirtæki sem upp eru talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992, sbr. flokkun í viðauka 9, skulu greiða starfsleyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér segir:

Fyrirtæki	Starfsleyfisgjald
1. flokkur . . . . .	kr. 40 000
2. flokkur . . . . .	kr. 25 000
3. flokkur . . . . .	kr. 15 000
4. flokkur . . . . .	kr. 10 000
5. flokkur . . . . .	kr. 5 000

Ekkert starfsleyfisgjald skal greiða við endurnýjun starfsleyfis eða við eigendaskipti. Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gjald og hið sama gildir um starfsemi, sem rekin er skemur en sex mánuði.

Ef heilbrigðiseftirlit metur breytingar smávægilegar er heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

#### 6. gr.

Fyrir hvert vottorð eða umsögn sem heilbrigðiseftirlit lætur í té greiðast kr. 1 000. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

#### 7. gr.

Heilbrigðiseftirlitið semur lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki í Kópavogskaupstað. Listinn skal afhentur innheimtudeild bæjarsjóðs Kópavogs, sem sér um samræmingu á álagningu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og er innheimta þeirra á ábyrgð bæjarstjórnar Kópavogs.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðis-  
eftirlitsins.

## 8. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda er 1. apríl ár hvert og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá  
gjaldþaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda þessara fer að öðru leyti  
samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

## 9. gr.

Þau fyrirtæki sem eru starfsleyfis- og eftirlitsskyld, samkvæmt ákvæðum heilbrigðis- og  
mengunarvarnareglugerðar greiða einungis eitt eftirlitsgjald.

## 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með  
samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi  
við birtingu.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Gjalddagi fyrir eftirlitsgjöld á árinu 1993 skal vera 1. október og eindagi 1. nóvember.

*Umhverfissráðuneytið, 23. september 1993.*

F. h. r.

**Þórður H. Ólafsson.**

*Aðalheiður Jóhannsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í októbermánuði 1993.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur  
hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í  
októbermánuði 1993 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið . . . . . Útborgun 8,3%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði  
fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunar-  
hlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í októbermánuði, skal lækka útborgun  
hlutfallslega.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 22. september 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*